



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2020
R20020087
5935

Borgarráð

Tillaga að samkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og drög að samningi milli Strætó bs. og Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes vegna framkvæmda akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að heimila Strætó bs. að fara í útboð á þjónustunni sbr. hjálagt bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 10. febrúar 2020.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá framkvæmdarstjóra SSH til Reykjavíkurborgar dags. 10. febrúar 2020

Drög að samkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Drög að samningi milli strætó bs. og Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes vegna framkvæmda akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík.

Kópavogur, 10. febrúar 2020
1711002 PBG

Efni: Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Vísað er til bréfs undirritaðs frá 13.janúar 2020.

Þá er vísað til stjórnarfundar SSH frá 7. febrúar 2020 undir dagskrárliðnum:

„Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002.

Gunnar Einarsson varaformaður SSH tók við fundarstjórn undir þessum fundarlið.

Fyrir liggja gögn frá starfshópi um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Þjónustulýsing og sameiginlegar reglur er varða ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk hafa nú farið til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum og hagsmunadílum. Eftir þá umræðu hafa verið tekin saman svör og gögn yfirfarin.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir fundinum:

Fylgiskjal 1 Yfirferð yfir ábendingar og athugasemdir.

Fylgiskjal 2 Minnisblað, svör við ábendingum og athugasemdum.

Minnisblað vegna hugbúnaðar.

Kynning_stjorn_SSH_27_01_2020 – Trúnaðarmál vegna útboðsmála.

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv. sameiginlegar reglur.

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv. þjónustulýsing.

Drög að smkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv.

Drög að samningi milli Stæto og sveitarfélaga um framkvæmd akstursþjónustu.

Umræður

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er af fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga að senda drög að sameiginlegum reglum, þjónustulýsingu, samkomulagi milli sveitarfélaganna og samning milli Strætó bs og sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Stjórn heimilar að Strætó bs fari í útboð á þjónustunni þegar umræða og afgreiðsla sveitarfélaganna liggur endanlega fyrir. Fram að þeim tíma verði lögð lokahönd á úboðsgögn.

Eins og fram kemur hefur þjónustulýsing og sameiginlegar reglur nú fengið umfjöllun hjá aðildarsveitarfélögunum og hagsmunaaðilum. Í fylgiskjali 1 má sjá yfirlit yfir ábendingar og athugasemdir frá umræðunni og í fylgiskjali 2 má sjá minnisblað sem svör við þeim ábendingum og athugasemdum.

Þá liggja fyrir með erindinu önnur gögn sem nauðsynleg mikilvægt er að fara yfir.

Kynning stjórn SSH 27.01.2020 lengri – Trúnaðarmál v.útboðsmála.
Kynning stjórn SSH 27.01.2020 styttri – Trúnaðarmál v.útboðsmála.
Erindisbréf stjórnar akstursþjónustu.
Minnisblað vegna hugbúnaðar.

Óskað er eftir því að aðildarsveitarfélögin taki eftirfarandi skjöl til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu:

Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv. sameiginlegar reglur.
Drög að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv. þjónustulýsing.
Drög að smkomulagi að sameiginlegri akstursþjónustu fatlað fólks á hbsv.
Drög að samningi milli Stætó og sveitarfélaga um framkvæmd akstursþjónustu.

Afgreiðsla málsins óskast sent á ssh@ssh.is

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH



Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginleg akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Samkomulag sveitarfélaganna

Samþykkt XX.XX.2020



Samkomulag um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Eftirtalin sveitarfélög, Garðabær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður og Mosfellsbær (hér eftir nefnd sveitarfélögin) gera með sér svofellt samkomulag um *sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu*.

Skyldur sveitarfélaganna

1. gr.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk frá xx. febrúar 2020 og reglum um skólaakstur grunnskóla nr. 656/2009 skulu sveitarfélög veita fötluðu fólki kost á akstursþjónustu með það að markmiði að þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna skerðingar sinnar sé gert kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda, auk aksturs á þjónustustofnanir.

Samræmi milli sveitarfélaganna og hagkvæmni

2. gr.

Með sameiginlegri akstursþjónustu skal stuðlað að samræmi milli sveitarfélaganna, minni bílaumferð ásamt því að fötluðum einstaklingum verði gert kleift að ferðast til að tryggja sjálfstæði þeirra í þeim efnum með sem hagkvæmustum hætti.

3. gr.

Með sameiginlegri samræmdri akstursþjónustu skal tryggt að fötlun einstaklinga komi ekki í veg fyrir að þeir geti stundað atvinnu, nám og notið tómsunda og afþreyingar gegn viðráðanlegu gjaldi. Ennfremur verði fötluðu fólki gert kleift með þessum hætti að nýta þjónustustofnanir og aðra þjónustu.

Stýring verkefnisins og umsýsla

4. gr.

Stjórn akstursþjónustunnar ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og hefur eftirlit með framkvæmd þjónustunnar. Stjórn skal skipuð alls fimm fulltrúum, tveimur sérfræðingum í málefnum fatlaðra og tveimur sérfræðingum í fjármálum sem koma frá sveitarfélögum ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Verkefni stjórnar er að stuðla að góðu samstarfi og móta *sameiginlegar reglur um þjónustuþætti og þjónustustig fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks*, en sveitarfélögin ákvarða hvert um sig gjaldskrár. Einnig fjallar stjórnin um breytingar sem verða á lagaumhverfi þessa málaflokks og áhrif þeirra, framlag til Strætó bs., kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og gjaldskrá grunnþjónustu við notendur eftir því sem við á. Stjórn akstursþjónustunnar leitar eftir samþykki vegna breytinga á sameiginlegum reglum og þjónustulýsingu, til sveitarfélaganna og getur eftir atvikum óskað eftir álit stjórnar SSH.

Tveir fulltrúar stjórnar skulu eiga sæti í þjónustuhópi vegna umsýslu og akstursþjónustu og skal annar koma frá Reykjavík. Þá skal annar þessara tveggja fulltrúa vera formaður þjónustuhópsins.

Stjórn akstursþjónustunnar skal leggja fram tillögur að innleiðingu og framkvæmd sameiginlegs verkefnis sveitarfélaganna og Strætó bs. varðandi eflingu notenda til aukins sjálfstæðis og frekari virkni í notkun almenningsvagna samhliða akstursþjónustu. Stjórn skal þá óska eftir sameiginlegri innleiðingar- aðgerðaráætlun varðandi verkefnið frá sveitarfélögum, hafa eftirlit með verkefninu og mæla árangur þess árlega. Að örðu leyti er vísað til erindisbréfs stjórnar akstursþjónustu.

5. gr.

Sveitarfélögin eru sammála um að gera samning við Strætó bs. um umsýslu með rekstri akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við samning þennan og *sameiginlegar reglur fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu*, ákvörðun sveitarfélaganna um fjölda notenda og aðra tilhögun þjónustu við þá. Fyrir þessa þjónustu greiða sveitarfélögin Strætó bs. umsamið framlag.

Sérákvæði

6. gr.

Samningar sveitarfélaganna við Blindrafélagið haldast óbreyttir.

Kostnaður og kostnaðarskipting

7. gr.

Kostnaður sveitarfélaganna er framlag til Strætó bs. m.a. vegna reksturs þjónustuvers, útboðs og eftirlits með verkþökum, sem og reikningsgerðar og innheimtu hjá sveitarfélögunum og notendum þjónustunnar. Kostnaður vegna þessarar þjónustu skiptist milli þeirra sveitarfélaga sem nýta þessa þjónustu miðað við eftirfarandi skiptingu:

Reykjavík 95%
Garðabær 2% %
Mosfellsbær 2% %
Seltjarnarnes 1%%

Hins vegar greiða sveitarfélögin Strætó bs. verktakakostnað samkvæmt útboði, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags. Aksturskostnaður skiptist milli sveitarfélaganna miðað við tímamælda notkun notenda.

8. gr.

Notendur greiða gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sveitarfélags þeirra.

Gildistaka

9. gr.

Samkomulag þetta kemur í stað samkomulags um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykkt var 19. maí 2014.

Tillögur að breytingum á samkomulagi þessu skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að því og taka þær gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt þær.

Reykjavík xx. xxxxxx 2020

Fh. Garðabæjar


Fh. Reykjavíkurborgar

Fh. Seltjarnarnesbæjar

Fh. Mosfellsbæjar

Fylgiskjal I

Skipurit akstursþjónustu



Stjórn akstursþjónustu

- Tveir sérfræðingar í málefnum fatlaðra frá sveitarfélögum
- Tveir sérfræðingar í fjármálum frá sveitarfélögum
- Framkvæmdastjóri Strætó bs.

Þjónustuhópur

- Tveir fulltrúar stjórnar
- Fulltrúi Strætó bs.
- Fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands
- Fulltrúi Þroskahjálpar
- Fulltrúi verktaka

**Samningur milli Strætó bs. og
Reykjavíkurborgar, Garðabæjar,
Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes
vegna framkvæmdar
akstursþjónustu fyrir fatlað fólk,
fötluð skólabörn og eldri borgara.**

Reykjavík xx. xx 2020

Samningur

1. gr.

Strætó bs, kt. 500501-3160, hér eftir nefnt Strætó og Reykjavíkurborg, kt. , Garðabær, kt. , Mosfellsbær, kt. og Seltjarnarnes, kt. ,hér eftir nefnd sveitarfélög, gera með sér svofellt samkomulag um umsýslu og framkvæmd akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara.

2. gr.

Um framkvæmd samnings þessa fer eftir sameiginlegum reglum, þjónustulýsingu og samkomulagi umræddra sveitarfélaga um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara, sem eru fylgigögn með samningi þessum.

3. gr.

Sveitarfélögin greiða Strætó bs. verktakakostnað, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags. Aksturskostnaður skiptist milli sveitarfélaganna miðað við skráða notkun. Strætó sendir sveitarfélögum reikning, mánaðarlega sem greiðist í síðasta lagi 5. hvers mánaðar eftir útgáfu reiknings.

Notendur greiða gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sveitarfélags þeirra.

4. gr.

Fyrir umsýslu vegna framkvæmdar samnings þessa greiða sveitarfélögin 160 milljónir króna á ári, frá 1. janúar 2021, sem skiptist jafnt niður á mánuði. Þóknin vegna umsýslu hækkar í samræmi við breytingar á launavísitölu. Frá 1. júlí 2020 til áramóta greiða sveitarfélögin 90 milljónir króna í þóknun vegna umsýslu samnings þessa.

Umsýsla Strætó bs. skv. grein þessari telst vera m.a. vegna reksturs þjónustuvers, fræðslu, stjórnunar og eftirlits með verktökum, sem og reikningsgerðar og innheimtu hjá sveitarfélagunum og notendum þjónustunnar sem innheimtist mánaðalega og greiðist fyrirfram 1. hvers mánaðar. Kostnaður vegna þessarar umsýslu skiptist milli sveitarfélaganna skv. samnings þeirra í milli.

5. gr.

Sveitarfélögin skulu skipa stjórn akstursþjónustunnar sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og hefur eftirlit með framkvæmd þjónustunnar. Stjórn skal skipuð alls fimm fulltrúum, tveimur sérfræðingum í málefnum fatlaðra og tveimur sérfræðingum í fjármálum sem koma frá sveitarfélagunum ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Stjórnsýsla akstursþjónustu skal vera í samræmi við skipulag í fylgiskjali I sem er hluti samnings þessa. Þá er einnig vísað til erindisbréfs stjórnar.

6. gr

Allur kostnaður við undirbúnings á nýju akstursútboði ásamt fjárfestingu greiðist af sveitarfélögum sem eru aðilar að samningi þessum. Fjárfesta þarf í samtengingu milli NOVUS DR, hér eftir nefnd aksturskerfi og leigubílaakerfis og sjálfsþjónustu fyrir viðskiptavinum, sem rétt eiga á þjónustu þessari skv. reglum sveitarfélaga. Kostnaðaráætlun fyrir samtenginu og sjálfsþjónustu er um 25 milljónir króna og skiptist samkvæmt kostnaðarskiptingu á rekstrarkostnaði skv. samkomulagi sveitarfélaga þar um. Undirbúningskostnaður vegna útboðs og samningsgerðar eru um 6,5 milljónir króna og skiptist í hlutfalli m.v. íbúafjölda.

7. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. júlí 2020 og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara

Reykjavík xx. xx 2020.

Fh. Strætó

Björg Fenger stjórnarformaður Strætó bs.

Fh. Garðabæjar

Gunnar Einarsson bæjarstjóri

Fh. Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Fh. Seltjarnarnesbæjar


Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri

Fh. Mosfellsbæjar

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

Fylgiskjal I

Skipurit akstursþjónustu



Stjórn akstursþjónustu

- Tveir sérfræðingar í málefnum fatlaðra frá sveitarfélögum
- Tveir sérfræðingar í fjármálum frá sveitarfélögum
- Framkvæmdastjóri Strætó bs.

Þjónustuhópur

- Tveir fulltrúar stjórnar
- Fulltrúi Strætó bs.
- Fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands
- Fulltrúi Þroskahjálpar
- Fulltrúi verktaka